



2010

Atvinnumál í Kjós



Niðurstöður greiningar og vinnufundar um
atvinnumál í Kjós
Netspor ehf.



Efnisyfirlit

Inngangur.....	3
Helstu niðurstöður.....	3
Stöðugreining.....	4
Kjós í tölum:	4
Þróun íbúafjölda:	4
Sumarhús og gisting	4
Landbúnaður	5
Verslun og þjónusta	5
Önnur þjónusta í Kjós:	5
Greining á innri og ytri þáttum í atvinnumálum	6
Styrkur:.....	6
Veikleikar:.....	6
Niðurstöður vinnufundar	7
Saga og náttúra.....	7
Samstarf landbúnaðar og ferðaþjónustu	8
Kjarni	8
Hitaveita	9
Aðrar tillögur:	9
Næstu skref:	10
Viðauki – Air Opera greining.....	11





Inngangur

Þann 4. nóvember 2009 var haldinn vinnufundur um nýsköpun og atvinnumál í Kjós. Fundurinn var haldinn að Ásgarði. Fundarstjóri var Sigurbjörn Hjaltason en ráðgjafarnir Guðbjörg Helga Jóhannesdóttir frá ráðgjafarþjónustu Bændasamtaka Íslands og Sævar Kristinsson frá Netspor leiddu faglega vinnu fundarins. Höfðu þau áður gert úttekt á nokkrum þáttum sveitarfélagsins hvað varðar atvinnumál. Niðurstöður þeirrar greiningar ásamt helstu punktar frá vinnufundinum koma fram í þessari samantekt.

Helstu niðurstöður

Mikilvægustu þættir í atvinnulífi í Kjós endurspeglast í fjórum flokkum sem ættu að geta einkennt það á komandi árum:

1. Saga og náttúra

Kjósinn verði aðdráttarafl fyrir sögu- og náttúrutengda ferðaþjónustu

2. Samstarf landbúnaðar og náttúru

Áhersla verði á „Beint frá býli“ þar sem bændur geti boðið ferðamönnum vörur sínar án milliliða. Samvinna verði við ferðaþjónustuaðila

3. Kjarni

Komið verði upp „samgöngumiðstöð“ í Kjós í víðu samhengi þar sem íbúar og ferðamenn geti gengið að ákveðinni þjónustu vísri s.s. hvað varða grunnþjónustu s.s. almenningsalarni og veitingasölu.

4. Hitaveita

Lögð verði hitaveita í Kjós og jafnframt verði unnið að vegabótum s.s. með lagningu bundins slitlags innan hreppsins

Jafnframt því verði gert átak í að efla vöruþróun og nýsköpun í sveitinni einkum á sviði smáiðnaðar, ferðaþjónustu landbúnaðar og tónlistar. Samkomusalir verði nýttir til aukinnar atvinnusköpunar s.s. á sviði veitingareksturs.



Stöðugreining

Hlutverk verkefnisins var að fjalla um núverandi stöðu í atvinnu- og ferðamálum og greina sóknarfæri í hreppnum. Til þess fóru ráðgjafarnir tveir ásamt Sigurbirni oddvita í vettvangsferð um hreppinn, kynntust staðarháttum og ræddu við fjölmarga íbúa. Jafnframt var unnið með tölulega þætti sem tengjast sveitarfélaginu.



Kjós í tölum:

• Íbúafjöldi 2009	samtals	195 einstaklingar
– Börn og unglingar í námi		34
– Störf innansveitar		43
– Sækja atvinnu utansveitar		80
– Eldri íbúar og öryrkjar		27
– Nýbúar skráðir 2008		11

Atvinnuleysi er um 5%, þ.e. 11 manns reyndust vera á atvinnuleysissskrá í nóvember 2009.

Þróun íbúafjölda:

Á síðustu 10 árum (1999 – 2009) hefur verið umtalsverð fjölgun íbúa í Kjós eða um 41% fjölgun. Karlar eru 111 og hefur fjölgað úr 77 eða um 40%. Konur í Kjós eru 84 og hefur þeim fjölgað úr 69 eða um 21%.

Vert er að leiða hugann að því að börnum á aldrinum 0 – 15 ára hefur fækkað um 15% milli árána 1998 – 2009 og eru þau nú um 14% íbúa (Til samanburðar er 25% íbúa í Mosfellsbæ á því aldursbili).

Sumarhús og gisting

Í sveitarfélaginu eru alls um 600 Sumarbústaðir og frístundahús

Auk þess er rekin ferðapjónusta bænda á þremur býlum (Eyrarkot, Kiðafell og Hjalla)

- Gisting í ferðapjónustubæjum í Kjós er fyrir allt að 20 manns
- Í Vindáshlíð geta gist allt að 100 manns og í Veiðihúsinu við Laxá geta gist allt að 40 manns.

Athygli vekur hversu vel Kjós er búin af samkomusölum fyrir mannfögnuði.

Má þar meðal annars nefna sali í Eyrarkoti, Félagsgarði, Ásgarði, Hjalla, Kaffi Kjós ásamt Veiðihúsinu við Laxá og Vindáshlíð.



Landbúnaður

Í Kjós eru samkvæmt Forðagæsluskýrslum alls 28 býli og þar af teljast vera 7 kúabú og 15 sauðfjárbú.

Verslun og þjónusta

Í Kjós er rekinn verslun og veitingastaður í Kaffi Kjós (hefur verið opin frá 1. júní – 1. sept kl. 12-22. Auk þess er opið um páska og helgaropnun eftir það til 1. júní). Um helgar er oft opin sérverslun með kjötvörur í Matarbúrinu. Einnig hefur verið starfræktur bændamarkaður á sérstökum viðburðadögum. Árlegir viðburðir eru hátíðarnar Kátt í Kjós og aðfangamarkaður jóla.

Í Hvammsvík hefur ÍTR rekið ferðaþjónustu þar sem boðið hefur verið upp á möguleika til silungsveiði, golfiðkunar og fl. Tjaldstæði eru í Hvammsvík og einnig hjá Ferðaþjónustunni Hjalla.

Önnur þjónusta í Kjós:

Ýmis önnur þjónusta er í Kjós og má þar m.a. nefna:

- kirkja
- sumarbúðir
- veiðileyfi í Laxá, Meðalfellsvatni og Hvammsvík
- dýragrafreitur
- golfvöllur
- álfaslóðaleiðsögn (Eyrarkoti),
- opinn landbúnaður (Grjóteyri og Miðdalur)
- hestaleiga (Þúfa og Kiðafell)
- söfn (Samansafnið að Kiðafelli I og sögusýning í Ásgarði)



Náttúran er fjölbreytt og falleg í Kjós:

- Ströndin er á náttúruminjaskrá
 - Fjöldi steintegunda við ströndina
 - Maríuhöfn
- Steðji er friðlýst náttúruvætti
- Söguleg tenging við hernámsárin sbr. Hvítanes (herminjar)
- Fossá og Brynjudalur
 - Friðlýstar fjárréttir og skógræktarsvæði
- Gönguleiðir eru víða og er til kort með merktum gönguleiðum t.d. á Esju og eins til fuglaskoðunar



Greining á innri og ytri þáttum í atvinnumálum

Styrkur:

- Nálægð við höfuðborgarsvæðið
- Matvælaframleiðsla og takmörkuð vinnsla
- Úttekin eldhús (hentug f. atvinnustarfsemi, s.s. ferðaþjónustu og matvælaframleiðslu)
- Fundar- og samkomusalir af öllum stærðum og gerðum
- Vefsíða hreppsins www.kjos.is
- Hringvegur + tenging við Þingvelli
- Fjölgun íbúa



Veikleikar:

- Rafmagnskynding á mestum hluta
- Markaðssetning á svæðinu
- Skilgreining á seglum svæðisins
- Aðkeypt veisluþjónusta, skortur á heimakokkum
- Lítið um almenningssalerni
- Efla samstarf ferðaþjónustuaðila á svæðinu
- Malarvegir að hluta
- Merkingar
- Hækkandi aldurssamsetning íbúa
- Skortur á skilgreindum kjarna í hreppnum





Niðurstöður vinnufundar

Mikilvægustu þættir í atvinnulífi í Kjós endurspeglast í fjórum flokkum sem munu geta einkennt það á komandi árum:

- 1. Saga og náttúra**
Kjósinn verði aðdráttarafl fyrir sögu- og náttúrutengda ferðaþjónustu
- 2. Samstarf landbúnaðar og náttúru**
Áhersla verði á „Beint frá býli“ þar sem bændur geti boðið ferðamönnum vörur sínar án milliliða. Samvinna verði við ferðaþjónustuaðila
- 3. Kjarni**
Til verði „samgöngumiðstöð“ í Kjós í víðu samhengi þar sem íbúar og ferðamenn geti gengið að ákveðinni þjónustu vísri s.s. hvað varða grunnþjónustu s.s. almenningssalerni og veitingasölu.
- 4. Hitaveita**
Komið verði upp hitaveita í Kjós og jafnframt verði unnið að vegabótum s.s. með lagningu bundins slitlags innan hreppsins

Saga og náttúra

Framtíðarsýn

Tryggt verði aðgengi og upplýsingar að sögusafni sem taki fyrir þætti eins og:

- Stríðsminjasafn - leiðsögn fyrir skólahópa, Hvítanes - skilti
- Örnefnasafn t.d. keltnesk heiti
- Maríuhöfn – svartí dauði – fornleifaathugun
- Merking gönguleiða – skilti
- Aukið aðgengi og kynning
- Keltnesk arfleifð
- Saga landbúnaðar, landnýting – breyting frá síðustu öld
- Sögutengdar veislur
- Reynivallakirkja – með sögu kirkju og presta
- Viðburðastaði s.s. Hvammsvík
 - Gólfaðstaða sem þarf að bæta
 - Útbúa skjól fyrir það
 - Fuglaskoðun
 - Hestaferðir

Markmið:

- Auka samstarf, kynningu og aðgengi að sögutengdum þáttum sveitarinnar



Hverjir þurfa að koma að þessu?

- Heimamenn,
- Landeigendur,
- Sérfræðingar t.d. örnefnastofnun,
- Upplýsingamiðstöðvar
- Rútufyrirtæki

Tímasetning:

- Byrja strax hugmyndavinnu og samhæfingu

Samstarf landbúnaðar og ferðaþjónustu

Framtíðarsýn

- Komið verði upp miðstöð – tengipunkti ferðamanna og heimamanna
- Sala verði heima hjá framleiðendum (heimabyggð). Aðstaða er til staðar í Ásgarði og Félagsgarði– þarf bara starfsmann.

Markmið:

- Halda býlum í framleiðslu og selja framleiðslu sjálf
- Halda unga fólkinu í vinnu
- Tryggja mengunarvarnir frá stóriðju
- Bjóða upp á t.d. hangikjöt, nautakjöt, lax úr ánni, osta, grænmeti

Hverjir þurfa að koma að þessu?

- Neytendur (ferðamenn)
- Býlin í sveitinni
- Hreppurinn

Tímasetning:

- Strax

Kjarni

Framtíðarsýn:

- Starfrækt verði upplýsingamiðstöð þar sem vörur og handverk, þ.e. framleiðsla hreppsþúa er til sölu (ásamt veitingasölu).

Markmið:

- Ferðamenn leiti sér upplýsinga - miðla upplýsingum
- Skila störfum og arði / kynnum vörur . Tækifæri fyrir framleiðendur til að koma vöru sinni á framfæri.

Hverjir þurfa að koma að þessu?

- Íbúar / rekstraraðilar / ferðaþjónustufyrirtæki

Tímasetning:

- Vísir að kjarna verði kominn strax árið 2010



Hitaveita

Framtíðarsýn:

Í sveitinni eflst byggð og atvinnulíf með aðgengi að heitu vatni. Uppbygging í kjölfar hitaveitu í hreppnum verði þannig lykill að aukinni þjónustu og fjölbreyttara atvinnulífi til hagsbóta fyrir íbúa og gesti í Kjós.

Markmið:

- Hitaveita skili íbúum auknum tekjum, meiri lífsgæðum og fleiri atvinnumöguleikum

Hverjir þurfa að koma að þessu?

- Hreppurinn, landeigendur, rekstrarfélag og opinberir aðilar t.d. Orkuveita Reykjavíkur

Tímasetning:

- Sem fyrst

Aðrar tillögur:

Nýsköpun íbúa í Kjós hefur vakið verðskuldaða athygli. Má þar m.a. nefna árangur Matarbúrsins og eins þróunarvinnu einstaklinga í sveitinni á gjafavörum. Hvetja þyrfti íbúa til frekari nýsköpunar og aðstoða þá við slíkt.



Markaðssetja þarf samkomusali í Kjós t.d. með nýtingu vefsins sbr. www.salir.is og fleira slíkra þátta. Hvetja þarf heimamenn í Kjós til að koma í auknum mæli að veitingamennsku í þeim samkomusölum sem eru í sveitarfélaginu.

Aldurssamsetning íbúa í Kjós er hækkandi og því er vert að skoða sérstaklega á komandi árum hvort ekki þurfi að laða að yngri íbúa í sveitina með sértækum aðgerðum.

Í Kjós búa þekktir aðilar í tónlist og tónlistarsköpun. Því er sjálfsagt að kanna nánar möguleika til að virkja þá hæfni sem býr í sveitarfélaginu á þessu sviði til nýsköpunar í tónlistartengdum þáttum.



Ferðaþjónustu má stórefla með því að kynna Kjós og möguleika til „hringaksturs“ innan sveitarinnar og eins á leiðinni til Þingvalla. Slíkt þyrfti þó að gera samhliða umbótum í vegaframkvæmdum og aukinni þjónustu heimamanna við ferðamenn.



Næstu skref:

Mikilvægt er að íbúar og aðrir hagsmunaaðilar sem tengjast Kjósinni taki höndum saman um að vinna þá þætti áfram sem nefndir eru í þessari samantekt. Nokkrir lykilþætti þyrfti að koma að sem fyrst. Má þar m.a. nefna:

- Samræmingu opnunartíma þeirra aðila sem laða að íbúa og ferðamenn einkum á laugardögum og sunnudögum.
- Upplýsa þarf bæði heimamenn og gesti um þá þætti sem í boði eru í Kjós hverju sinni. Best væri að nýta vefinn www.kjos.is í því sambandi og jafnframt að hengja upp upplýsingar um það á þeim stöðum sem gestir sækja helst heim. Virkja þarf íbúa sveitarinnar til að kynna sérstaka viðburði í fjölmiðlum.
- Kynna þarf Kjós enn frekar með fjölgun ýmiskonar viðburða.
 - Sem dæmi mætti gera páskaopnun verslana í Kjós (Matarbúrið og Kaffi Kjós) að viðburði með uppákomum sem fjölmiðlum þætti gaman að fjalla um og laði að íbúa og ferðamenn. Tengja mætti það einnig við opnun á söfnum (sbr. Samansafnið)
 - Kannað verði hvort mögulegt sé að koma á árlegri tónlistarhátíð í Kjós. Tónlistarmenn sveitarinnar verði fengnir til ráðgjafar við skipulagningu hennar.



Viðauki – Air Opera greining

Mikilvægustu þættirnir í uppbyggingu atvinnulífs í Kjósinni á komandi árum?

Vinnufundur 4. nóv. 2009

	A	b	c	d
	Saga og náttúra	Samstarf landbúnaðar og ferðaþjónustu	Kjarni	Hitaveita
1	Sögutengd ferðaþjónusta (+++)	Matvælaframleiðsla -Landbúnaðarframleiðsla -Úrvinnsla -Sala (++)	Kjarni (++)	Hitaveita (++)
2	Að Kjósinn verði aðdráttarafl fyrir útivistarhópa, gönguhópa, túrista (+)	Beint frá býli -Sláturhús -Kjötvinnsla -Verslun -Veitingahús (++)	Samgöngumiðstöð í víðasta samhengi (++)	Hitaveita og malbik (+)
3	Náttúrutengd ferðaþjónusta (+)	Samvinna ferðaþjónustu og beint frá býli (++)		
4		Kjarni til að efla matvæla- framleiðslu, vinnslu og kynningu (++)		

Aðrar hugmyndir sem komu fram:

Samgöngumál (-ferðaþjónusta), #Handverkshús og menningartengd ferðaþjónusta, #Beint frá býli, # Bæta golfvöll í Hvammsvík (ylströnd), # Þrjóna meira, frekar og betur við viðburði, # Göngufólk gangi til okkar. Gangan endi í Kjós, # Heilsutengd ferðaþjónusta (s.s. reiðskóli, sýningar og fl), # Land í fóstur (-matjurtargarðar, -skógrækt, -uppgræðsla), # Öldrunarheimili í tengslum við búskap, dýr og náttúru, # Smábátahöfn (-sjóstöng, -sjósund, -sjósport)